

Aðalfundur

Skagafjarðarveitna ehf, fyrir árið 2004, haldinn 25. ágúst 2005, kl. 14:30 að Borgarteigi 15, Sauðárkróki.

Skýrsla stjórnar:

Fundarstjóri, góðir fundarmenn.

Þegar litið er yfir starfsárið er ljóst að veiturnar eru að skila góðum arði. Þessa góðu afkoma fyrirtækisins er m.a. hægt að útskýra með stækkun starfssvæðis veitnanna. Fyrirtækið er nú rekið sjálfstætt, óháð reikningsskilum sveitarfélagsins. Nánar verður vikið að tölum og þær útskýrðar í öðrum lið dagskrár, þegar farið verður yfir ársreikninginn.

Stjórnarfundir ársins urðu 15 talsins, þar fyrir utan átti stjórnin fundi utan héraðs á Blönduósi og tvo fundi áttum við á Akureyri.

Þegar litið er á málefni hitaveitunnar þá eru það tvö mál sem skera sig úr í fundargerðum starfsársins, en þau eru borun eftir heitu vatni í Kýrholti og síðan viðræður við hreppsnefnd Akrahrepps, um lagningu hitaveitu í hreppinn.

Skemmst er frá því að segja að í desember varð staðfestur grunur okkar um að verktakinn, sem annaðist borun í Kýrholti, gæti ekki skilað því verki sem hann hafði tekið að sér. Ýmsar ástæður voru nefndar í því sambandi.

Þar má m.a. nefna að nauðsynlegt mælitæki sem nota þurfti til þess að ákvarða stefnu borholunnar, var ekki til staðar og fleiri þættir spiluðu inn í endalok verksins.

Þetta urðu að sjálfsögðu mikil vonbrigði, ekki síst fyrir íbúa þessa svæðis.

Stjórnin er þó alls ekki búin að leggja árar í bát varðandi leit að heitu vatni handan vatna. Í síðustu viku tókum við ákvörðun og réðum annan verktaka til þess að hefjast handa.

Síðastliðinn þriðjudag, var unnið borplan í landi Bræðraár í Hrollleifsdal, en þar verður borað fyrst, þar á eftir verður borað í Kýrholti og síðan verður stefnan tekin heim að Hólum. Í bland við þetta verður boruð hitastigulshola í Deildardal og sjóhola eða holur hér á Sauðárkróki.

Það mætti kannski líkja okkur veitustjórnarmönnum við lítil börn sem bíða eftir jólapökkum, svo spennu erum við eftir niðurstöðunni frá þessum verktaka.

Hitt málið sem uppúr stóð þegar litið er til baka, varðar lagningu hitaveitu í Akrahrepp.

Stjórnin átti mikið og gott samstarf við hreppsnefndina þar og eins og öllum er kunnugt um, þá eru framkvæmdir komnar vel á veg, en áætluð verklok eru næsta haust og er reiknað með að þá hafi rúmlega fimmtíu íbúðarhús tengst veitunni fyrir utan útihús, vélageymslur og frístundahús.

Vil ég biðja endurskoðandann að fara vel yfir kostnaðarlið þessarar framkvæmdar, þó svo að hún komi lítið inn á fjárhagsárið 2004.

Stjórn veitnanna átti viðræður við forsvarsmenn Blönduóssbæjar varðandi sölu þeirra á hitaveitu bæjarins, en við sáum fyrir okkur að samstarf væri góður kostur fyrir báða aðila.

Lyktir málsins þekkja allir, en Rarik keypti veituna og þykir okkur það einkennileg stefna ríkisvaldsins að kaupa upp þær hitaveitur sem settar eru á söluskrá. Þá átti stjórnin fund með forsvarsmönnum Norðurorku og sendum við frá okkur sameiginlega yfirlýsingu út frá nýjum raforkulögum. Hugnast okkur vel að settar væru á fót svæðaskiptar landshlutaveitur sem tækju að sér raforkudreifingu. Myndi það efla mjög þau fyrirtæki sem fyrir væru á þessum svæðum. Enn og aftur finnst okkur ríkisfyrirtæki ekki vera samstíga yfirvöldum í hugmyndafræðinni um eflingu landsbyggðarinnar.

Aðrar framkvæmdir veitunnar eru í stuttu máli:

Skagafjarðarveitur keyptu hitaveitu í landi Laugarhvamms í Lýtingsstaðahreppi. Þar með bættust fimm notendur við, en skipulag hverfisins gerir ráð fyrir tíu lóðum.

Tvö landsmót voru haldin á Sauðárkróki ári 2004 og komu veiturnar þar töluvert við sögu, varðandi undirbúning þeirra.

Beiðni barst um að Skagafjarðarveitur tækju að sér veitumál á Sólgorðum í Fljótum og er það mál í vinnslu.

Einnig kom beiðni frá heimaaðilum á Hólum um aðstoð, eða yfirtöku veitnanna á staðnum, en þar er alvarleg staða hvort heldur talað er um heitt, eða kalt vatn.

Eftir nokkrar umræður liggur núna á borðinu hjá okkur yfirlýsing frá fjármálaráðherra, þess efnis að hann vilji selja Skagafjarðarveitum hitaveitu Hólahrepps.

Það mál er í vinnslu þessa daga, en ljóst er að fjárfesta þarf mikið bæði í borunum, veitulögnum og fleiru. Ljóst er að ríkisvaldið ber miklar skuldbindingar gagnvart Hólastað og rétt að ítreka að niðurstaða liggur ekki fyrir í dag, þó svo að ráðuneytið sé búið að láta verðmeta hitaveitu Hólahrepps.

Þá nokkur orð um vatnsveituna.

Ný vatnsveitulög voru samþykkt á Alþingi í lok apríl 2004, þar með var leyfilegt að keyra saman rekstur vatns- og hitaveitna.

Á hluthafafundi veitunnar í desember var gerð breyting á samþykktum félagsins, þar sem Skagafjarðarveitum ehf. er gert kleift að yfirtaka vatnsveituna.

Var þessi gjörningur í samræmi við samning við Sveitarfélagið Skagafjörð frá árinu 2002. Veiturnar voru búnar að yfirtaka skuldir vatnsveitunnar árið 2002, en eftir var að yfirtaka eignirnar.

Mikil aukning varð á kaldavatnsnotkun á starfsárinu. Ber þar hæst notkun Rækjuverksmiðjunnar Dögunar, en fyrirtækið var stækkað verulega.

Brugðist var við þessu með því að virkja Sauðána og var lögð ný lögn út eftir Nöfunum, í vatnstankinn við Melrakka. Vatnið er geislað fyrir afhendingu. Ljóst er að nokkra daga á ári getur veitan ekki afhent vatn vegna óhreininda.

Stjórn veitnanna er mjög vakandi yfir því að afla þarf meira vatns og bindum við vonir við að hægt sé að nýta lindir í Gönguskörðum, í Kálfárdal eða fyrir ofan Heiði. Þetta mál er í vinnslu hjá jarðfræðingum ÍSOR. Vonandi verður hægt að koma þessu vatni inn á stofnlögnina frá Veðramóti til bæjarins.

Þá er líka vert að geta þess að lekaleit getur skilað miklu. Um það höfum við nærtækt dæmi en í sumar var endurnýjuð að hluta stofnlögn í Skörðunum, niður mýrina að brúnni yfir Gönguskarðsána og áskotnuðust okkur þar 8-9 l / sek.

Í Steinsstaðahverfi hefur staðan ekki verið góð í kaldavatnsbúskapnum, en vonir standa til þess að þar muni við ná að sigla lygnan sjó á næsta ári.

Og þá er það nýsköpunarstarf veitunnar sem er sjótökumannvirki á Eyrinni fyrir sjávardeild Hólaskóla.

Hugmyndin gekk þá út á að nýta rekstrarþekkingu veitnanna og "selja" sjó. Boraðar voru fimm holur í sjávarkambinn fyrir neðan Hafnarhúsið. Nokkur vandamál þurfti að leysa s.s. það að seltumagn sjávarins reyndist ekki nægjanlegt úr borholunum.

Í dag gengur þessi dæling vel og nýtist starfseminni eins og væntingar stóðu til.

Eitt er það atriði í samningsgerð veitunnar um sjóveitu við skólann, sem stjórnin leggur áherslu á, en það er að Skagafjarðaveitur ehf. verði ekki skaðabótaskyldar ef misbrestur verður við afhendingu sjávarins.

Samningar varðandi sjóveituna, um gjaldtöku o.fl á milli veitnana og Hólaskóla eru í vinnslu og mun þeim ljúka á næstu dögum.

Að lokum:

Margar heimsóknir gesta voru í dæluhúsið á síðastliðnu ári. Það berast stjórninni iðulega beiðnir þess efnis að koma í heimsókn og fá flestir góðar móttökur, en nokkrum er þó hafnað.

Stjórnin þurfti að setja sér skýrar reglur til að vinna eftir varðandi móttöku gesta.

Þrátt fyrir reglur, þá er það ekki útilokað að þið fáið boð um að koma í heimsókn í dæluhúsið áður en kjörtímabilinu lýkur.

Sauðárkróki 25. ágúst 2005

Sigrún Alda Sighvats, stjórnarformaður Skv.

Páll Pálsson, framkvæmdastjóri Skv.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.